



Fundargerð

Svæðisráð vestursvæðis - 78. fundur svæðisráðs vestursvæðis haldinn á Kirkjubæjarklaustri og í fjarfundi, 12. desember 2019, kl. 10:00.

Fundinn sátu:

Heiða Guðný Ásgeirsdóttir formaður, Erlingur Freyr Jensson varaformaður, Ólafía Jakobsdóttir fulltrúi náttúruverndarsamtaka, Rannveig Ólafsdóttir varamaður fulltrúa ferðaþjónustunnar, Karl Ingólfsson varamaður fulltrúa útivistarfélaga, Fanney Ásgeirsdóttir þjóðgarðsvörður, Jóna Björk Jónsdóttir aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar.

1. Vestursvæði - af vettvangi stjórnar - 1805025

Formaður svæðisráðs fer yfir helstu mál af síðustu stjórnarfundum. Umhverfis- og tækni svið uppsveita óskar eftir umsögn VJP um deiliskipulag í Nýjadal. Stjórn VJP óskar eftir að svæðisráð fjalli um málið.

Heiða Guðný fer yfir störf stjórnar á síðustu tveimur fundum, mikill tími hefur farið í umfjöllun um rekstrarafkomu og fjárhagsáætlun næsta árs. Staðan góð, sem er gleðiefni.

Ein umsögn er komin um Vonarskarð og eru vonir um að fleiri umsagnir komi inn fljótlega. Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna Vonarskarðs, lögð fram til kynningar.

Hugmyndir að ferli við uppfærslu á Stjórnunar og verndaráætlunar VJP eru í vinnslu.

Deiliskipulag í Nýjadal. Deiliskipulag lagt fram til umsagnar að ósk stórnar VJP. Fanney fer yfir forsögu málsins, svæðisráð gerir ekki athugasemdir við deiliskipulagið.

2. FÍ og VJP - Samstarfssamningur um Nýjadal á Sprengisandsleið - drög - 1911004

Samningur milli VJP og FÍ um samstarf í Nýjadal er samþykktur hjá öllum hlutaðeigandi aðilum og tilbúinn til undirskriftar. Að undirritun lokinni munu smiðir FÍ hefjast handa við nauðsynlegar breytingar á húsi, ætluðu land- og skálavörðum, sem verður svo flutt í Nýjadal um leið og vegir opnast næsta sumar. Deiliskipulag fyrir Nýjadal er í kynningarferli.

Fanney kynnir samninginn og þá nýbreytni sem þar er sem felur í sér nánara samstarf um upplýsingar og fræðslu á svæðinu en verið hefur, Auk aðstöðu fyrir landverði hefur VJP einnig aðgang að aðstöðu fyrir upplýsingagjöf og móttöku hópa inni í skálum FÍ. Fundarmenn samþykkja samninginn athugasemdalaust.

3. Vestursvæði - Skýrsla þjóðgarðsvarðar - 1912003

Þjóðgarðsvörður fór yfir helstu viðfangsefni ársins sem er að líða, stöðu verkefna og helstu liði rekstraryfirlits.

Rekstur á vestursvæði er í jafnvægi og innan marka fjárhagsáætlunar.

4. Starfslýsing og siðareglur svæðisráða Vatnajökulspjóðgarðs 2019 - 1911018

Kynnt drög að starfslýsingum svæðisráða og siðareglum stjórnarmanna og svæðisráðsfulltrúa.

Formaður kynnir drög að siðareglum og starfslýsingum fyrir fulltrúa í stjórn og svæðisráði VJP sem nú er verið að uppfæra. Svæðisráðið gerir ekki athugasemdir.

Karl Ingólfsson óskar bókunar: Ekki er komið svar við erindi sem Haukur Eggertsson LHM lagði fram á síðasta fundi (10.10.2019) og þess er ekki getið í þessu fundaboði. Heiða Guðný segir svar við erindinu ekki tilbúið en hjólreiðamönnum verði svarað.

Fundi slitið kl. 11:30.

Fundargerð ritaði: Jóna Björk Jónsdóttir, Aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar.
Árni Pétur Hilmarsson forfallaðist.